

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 134/1956. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Ólafi Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Lindal
prófessor.

Umferðarslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hefur ákærði brotið gegn ákvæðum þeim, er greinir í ákæruskjali. Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga varðhald í stað hennar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og sviptingu öku-
leyfis ákærða staðfestast.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari hefur látið undir höfuð leggjast að heitfesta vitni og kveða á um málsvarnar-
laun í héraði.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Jónsson, greiði 5000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 50 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og sviptingu öku-
leyfis ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í

Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1200 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðarsýslu 26. júlí 1956.

Ár 1956, fimmtudaginn 26. júlí, var í sakadómi Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Ísafirði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 20. júlí s.l.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 20. september 1955, gegn Ólafi Jónssyni, símstjóra á Þingeyri, fyrir að hafa um kl. 12.30 miðvikudaginn 24. ágúst 1955 ekið bifreið sinni, Í-261, eftir atvikum of hratt og ógætilega suður Hafnarstræti á Þingeyri með þeim afleiðingum, að telpan Jóvína Sveinbjörnsdóttir, Þingeyri, sem kom út á götuna vestan úr sundi sunnan við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, varð fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hún beið bana af.

Brot þessi eru talin varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. ágúst 1955, um kl. 12.30, var ákærði, Ólafur Jónsson símstjóri, Þingeyri, að aka í bifreið sinni, Í-261, gegnum Þingeyrarkauptún. Tvær konur voru í bifreiðinni, en ákærði hafði sótt þær að Múla í Kirkjubólsdal. Ætlaði hann að aka þeim að Kjaransstöðum í Þingeyrarhreppi. Þegar ákærði ók suður Hafnarstræti á móts við húsið nr. 32, kom stúlkubarn hlaupandi út úr húsasundi og hljóp fyrir bifreiðina með þeim afleiðingum, að það slasaðist alvarlega. Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina, lá barnið aftan við hana. Ákærði ók barninu strax á sjúkrahús, en þar lézt það síðdegis þenna sama dag.

Barnið var sex ára að aldri, hét Jóvína og var dóttir hjónanna Sveinbjörns Samsonarsonar og Bjarnfriðar Símonsens, er áttu heima í húsinu Hafnarstræti 32 á Þingeyri.

Ákærði hefur lýst atvikum að slysinu á þá leið, að hann hafi ekið í þriðja gangstigi og hafi hraðinn verið 10—12 mílur, eða

16—18 km, miðað við klukkustund. Þegar ákærði sá stúlkuna, sem hljóp hratt út á götuna þvert fyrir bifreiðina, hemlaði hann strax og stöðvaði hana eins fljótt og hann gat. Taldi ákærði, að framvari bifreiðarinnar hefði lent á vinstri hlið barnsins, og það kastast í götuna, en farið á milli hjólanna, því að hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að hjólin rynnu yfir barnið.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið neitt óvenjulega þreyttur eða syfjaður eða hafa neytt áfengis, er þetta átti sér stað. Hann kvaðst ekki hafa misst stjórn á bifreiðinni. Hann hafði þá nýlega athugað hemla bifreiðarinnar og taldi hana þá í góðu lagi, enda verkuðu þeir vel í þetta sinn, og stöðvaðist bifreiðin mjög fljótt.

Vegurinn var harður, malborinn og næstum sléttur, þar sem slysið varð, en dálítið blautur, því að rignt hafði um daginn. Blotnuðu rúður bifreiðarinnar, en ákærði kvaðst hafa haft þurrkurnar í gangi og því haft gott útsýni úr bifreiðinni. Ákærði skýrði frá því, að hann sjái ekki vel frá sér gleraugnalaust, en hafi fulla sjón með gleraugu, og með þau var hann, er hann ók bifreiðinni í þetta sinn. Ákærði kvaðst hafa ekið bifreið sinni öðru hverju, síðan hann tók bifreiðarstjórpróf, en ökuskírteini hans er útgefið af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu 31. maí 1951.

Ákærði er fæddur 12. 5. 1892 að Dalkoti á Vatnsnesi í Húnavatnssýslu og hefur ekki sætt kærú eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Skulu nú raktir framburðir vitna í máli þessu:

Vitnið Ragnheiður Guðjónsdóttir sat í framsæti bifreiðarinnar vinstra megin, en í henni er hægri handar stýri. Þegar bifreiðin var á móts við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, sá vitnið allt í einu stúlkubarn framan við bifreiðina, nokkuð til hægri. Á því augnabliki, er hún tók eftir barninu, hemlaði ákærði, og stöðvaðist bifreiðin á mjög stuttum tíma. Hún sá, að barnið féll í götuna, en varð ekki vör við, að hjólin rynnu yfir það. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekið fremur hægt og í mesta lagi á 20 km hraða, en hún kvaðst þó vera óvön bifreiðum og ekki geta með neinni vissu gízk-að á hraða bifreiðarinnar. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við, að ákærði missti stjórn á bifreiðinni. Engin umferð var á götunni, og útsýni út úr bifreiðinni var gott.

Vitnið Jóhanna Guðfinna Jónsdóttir sat í aftursæti vinstra megin. Þegar bifreiðin kom á móts við húsið nr. 32 við Hafnarstræti, sá vitnið barn framan við bifreiðina, við hægra aurbrettið. Í sama mund hemlaði bifreiðarstjórinn, og stöðvaðist bifreiðin litlu síðar. Vitnið kvaðst hafa kippzt til í sætinu, þegar ákærði hemlaði. Vitnið sagði, að ákærði hefði yfirleitt ekið gætilega í

þessari ferð og hafi hann ekið í mesta lagi á um 20 km hraða, er slysið varð. Hún kvaðst þó ekki treysta sér til að gizka nákvæmlega á, hvað hraðinn var mikill. Hún varð ekki vör við, að verulegt fát kæmi á ákærða eða að hann missti stjórn á bifreiðinni um leið og hann sá barnið.

Vitnið Guðmunda Ágústa Jónsdóttir á heima í húsinu Hafnarstræti 32. Hún var um kl. 12.40 stödd í eldhúsinu, en það snýr út að sundinu sunnan megin við húsið og liggur niður á Hafnarstrætið. Heyrði hún, að bifreið fór um götuna. Er hún leit út um gluggann, sá hún bifreið, er fór eftir götunni, og kvaðst hún hafa séð greinilega, að hægra afturhjól bifreiðarinnar fór yfir stúlku-barnið, er hún þekkti og átti heima í sama húsi og hún. Bifreiðin stöðvaðist skömmu á eftir, og lá þá barnið um það bil 1 metra fyrir aftan bifreiðina. Vitnið sá, að ákærði tók barnið og setti það inn í bifreiðina og ók síðan burtu.

Vitnið Árni Stefánsson hreppstjóri kvaðst hafa komið á slysstaðinn með ákærða um kl. 13.20. Hann athugaði veginn og sagði, að hann hefði verið sléttur, malborinn og lítilsháttar blautur, því að rignt hafði fyrir hádegi. Á veginum, lítið eitt vinstra megin, voru augljós hemlaför, og mældust þau 5 m löng.

Vitnið Guðmundur Kristinn Helgason yfirlögregluþjónn athugaði slysstaðinn og gerði uppdrátt af honum tveimur dögum eftir slysið, eða 26. ágúst. Sagði hann, að þá hefði yfirborð vegarins verið fast, malborið og næstum slétt. Þá reyndust hemlar bifreiðarinnar vera í góðu lagi. Vitnið reyndi hemla bifreiðarinnar á 17 mílna hraða, eða 27.353 km, og sáust þá greinilega hemlaför, er mældust 5.10 metrar. Vitnið merkti á uppdráttinn staðinn, þar sem barnið lá eftir slysið samkvæmt frásögn vitnisins Guðmundu Ágústu Jónsdóttur. Sá staður er um 17 m sunnan við húsið Hafnarstræti 32. Ákærði taldi, að barnið hefði ekki legið svo sunnarlega á götunni og bifreiðin hafi stöðvazt í mesta lagi 10 m frá syðra horni hússins nr. 32. Sagði hann, að bifreið sín hefði verið á móts við húsið nr. 32 sunnanvert, þegar hann sá barnið, og hafi bifreiðin rekizt á barnið beint út af sundinu sunnan við húsið.

Vitnið Árni Stefánsson kvaðst ekki hafa athugað að merkja, hvar hemlaförin hafi verið á götunni, en taldi, að þau hefðu verið frá húshorninu sunnanverðu, eða frá miðju sundinu og 5 m þar frá í suður.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Þingeyri var Jóvína lögð inn á sjúkraskýlið um kl. 13. Barnið var með meðvitund, mundi heiti sitt og aldur og veit, hvar hún er stödd. Hún kvartar ekki um sársauka neins staðar, nema fyrir hjarta, og er ekki aum við-

komu annars staðar en á brjósti framanverðu og vinstra megin. Við skoðun komu í ljós afrifur á enni og vinstri vanga. Enn fremur voru marblettir á báðum olnbogum, og á hægri hné var dálítil afrifa. Engar blæðingar voru úr nefi eða eyrum, en töluvert blæddi úr lungum. Hlustun leiddi í ljós mjög vot og gróf slímhljóð. Kl. 16.40 var barnið meðvitundarlaust. Þá gekk upp mikið af blóði og blóðlitaðri froðu. Kl. 17.10 andaðist barnið. Líkið var ekki krufið.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, er upplýst, að barn það, er varð fyrir slysinu, kom hlaupandi út úr sundi sunnan við gafl hússins Hafnarstræti 32 í veg fyrir bifreiðina Í-261. Barnið lenti á framvara bifreiðarinnar og féll á götuna, en ekki er komin fram sönnun fyrir því, að bifreiðin hafi runnið yfir það, þó ráða megi af áverkum samkvæmt læknisvottorði og vætti Guðmundu Ágúst, að miklar líkur séu fyrir því. Ákærði sá til ferða barnsins, er það kom út úr sundinu, og rakst bifreiðin á það í síðasta lagi út af miðju sundinu. Ákærði hemlar þegar, en bifreiðin stanzaði þó ekki fyrr en barnið var um 1 metra fyrir aftan hana, enda þótt bifreiðin væri ekki nema á 18—20 km hraða að sögn ákærða og hemlar í fullkomnu lagi. Virðist þó samkvæmt uppdrættinum á dómskjali nr. 3, að barnið hafi dregizt um 9 m með bifreiðinni, ef gert er ráð fyrir, að það hafi legið, eins og ákærði virðist hafa fallizt á, á stað, merktum F á uppdrættinum.

Eftir bifreiðina sáust um 5 m hemlaför frá húshorninu sunnanverðu (Hafnarstræti 32) eða miðju sundinu sunnan við það.

Ákærði beygði ekki til vinstri til þess að reyna að forðast slysið, enda þótt það væri hægt.

Þykir ákærði með aðgæzluskorti og of hröðum akstri eftir atvikum vera samvaldur að dauðaslysi Jóvínu Sveinbjörnsdóttur, þar eð hann sýndi ekki þá varkárni, sem krefjast verður af bifreiðarstjórum, sem aka eftir vegum, þar sem búast má við börnum á ferli.

Með framangreindu hátterni hefur ákærði gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir bera að svipta ákærða bifreiðarstjóra-réttindum í 3 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Jónsson, sæti varðhaldi í 60 daga. Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1957.

Nr. 149/1956. Ákærvaldið (Gunnar J. Möller hrl.)

gegn

Egon Hornshøj Hansen

og

Bent Østergaard Jørgensen

(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Ómerking héraðsdóms og heimvisun máls.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og lýst er í héraðsdómi, er ákærði Egon Hornshøj Hansen samkvæmt ákæruskjali í máli þessu m. a. sóttur til sakar fyrir brot gegn 217. gr. laga nr. 19/1940. Héraðsdómari hefur eigi lagt dóm á þetta ákæruatriði. Þá hefur héraðsdómari látið undan falla nauðsynlega rannsókn á tjóni Friðriks Steinars Axelssonar, einkum að því er varðar 2. og 3. lið skaðabótakröfu hans, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951. Að svo vöxnu máli verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á rikissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað.